

Gestur Guðmundsson: Öskudagsráðstefna 17. febrúar 2010

Hlutverk kennara í samfélaginu

- Tilraunir til að skilgreina samfélagslegt hlutverk kennara eru um leið tilraunir til að skilgreina samfélagslegt hlutverk náms
- Breytingar á samfélagslegu hlutverki kennara tengjast fremur langtímabreytingum á samfélagi en skammtímasveiflum
- Samfélagslegt hlutverk kennara er ekki að fella nemendur í mót sem eru smíðuð af samfélaginu á hverjum tíma
- Heldur
 - Forsendur og námsferli hvers einstaklings
 - Félagsleg samskipti í skólastarfi
 - Að skólastarf leiði til fullgildrar þátttöku í samfélagi

Gestur Guðmundsson: Öskudagsráðstefna 17. febrúar 2010

Hlutverk kennara í samfélaginu

- Félagsfræði fer varlega í að segja kennurum fyrir verkum
- Fagmannlegt skólastarf byggir á samspili menntunarvísinda og praktískrar reynslu skólamanna
- Félagsfræði fjallar meira um samfélagslegar forsendur skólastarfs – áhrif félagslegs uppruna, fylgifiska samfélagsbreytinga o.s.frv. – en um skólastarfið sjálft
- En þegar farið er yfir helstu félagsfræðikenningar sögunnar, kemur samt í ljós að höfundar þeirra hafa lang flestir eindregna sýn á samfélagslegt hlutverk kennara – og leggja meiri áherslu á það en á hæfni/færni

Gestur Guðmundsson: Öskudagsráðstefna 17. febrúar 2010

Hlutverk kennara í samfélaginu

- Emile Durkheim (1858-1917): Kennarinn er fulltrúi samfélagsins - uppalandi til samfélagslegrar ábyrgðar og siðgæðis
- G.H. Mead (1863-1931) og John Dewey (1859-1952): kennarinn á að leiðbeina öllum börnum í leitarferlum í átt að alhliða þroska, samfélagsábyrgð og siðgæði
- Karl Mannheim (1893-1947), Theodor Adorno (1903-1969), Jürgen Habermas (1929-) og Wolfgang Edelstein (1929-) hafa lagt áherslu á uppeldi til lýðræðis og jafnréttis

Gestur Guðmundsson: Öskudagsráðstefna 17. febrúar 2010

Hlutverk kennara í samfélaginu

- Pierre Bourdieu (1930-2002) rannsakaði hina földu mismunun í menntakerfi – milli þeirra sem eru á heimavelli og hinna sem eru á útivelli – og hvatti kennara til þess að átta sig á henni og vinna gegn henni.
- Anthony Giddens (1938-), Ulrich Beck (1944-) og Thomas Ziehe (1947-) leggja allir áherslu á einstaklingsvæðingu og kröfu um afturblik sem ríkjandi þróunareinkenni samtímans
- Hvernig forðum við því að einstaklingsvæðing leiði til egóisma og skorts á samfélagsábyrgð?
- Hvernig hafa meginstef félagsfræðinnar þróast og breyst?

Gestur Guðmundsson: Öskudagsráðstefna 17. febrúar 2010

Hlutverk kennara í samfélaginu

- Er hægt að líta á kennara sem fulltrúa samfélags (Durkheim)?
- Kennarinn er nú einn meðal fjölmargra áhrifavalda
- Hið samfélagslega hverfur í bakgrunn, m.a. í skugga einstaklingsbundinnar sjálfsmyndar (self-identity): Spurningin er ekki **hvað** þú ert heldur **hver** þú ert (Giddens)
- En: við lærum **hver** við erum í félagslegum samskiptum (Beck)
- Forsenda einstaklingsvæðingar er að einstaklingurinn hafi innhverft hið félagslega
- Verkefni uppeldisstarfs: að sameina einstaklingsmiðun og rækt við hið félagslega

Gestur Guðmundsson: Öskudagsráðstefna 17. febrúar 2010

Hlutverk kennara í samfélaginu

- Ulrich Beck: Afturblik (reflexivity) – að gera sér grein fyrir afleiðingum eigin ákvarðana og gerða.
- Samfélög: afleiðingar tækniþróunar ...
- Einstaklingar: afleiðingar eigin ákvarðana og valds
- Þróunin hættir að vera sjálfsgöð, við hljótum að spyrja okkur æ oftast, hvers vegna við gerum það sem við gerum
- Það er oftast um valkosti að ræða
- Vörumst einfaldar andstæður – einstaklingsvæðing felur í sér að einstaklingurinn verður félagslegur og getur ekki ræktað einstaklingseðli sitt nema í félagi við aðra

Gestur Guðmundsson: Öskudagsráðstefna 17. febrúar 2010

Hlutverk kennara í samfélaginu

- Durkheim lagði áherslu á framgang í skóla eftir verðleikum (landsprófið hefði verið honum að skapi)
- Meginstef félagsfræði menntunar alla tuttugustu öldina var **jafnrétti til náms** eftir búsetu, kynþætti, kynferði, félagslegri stöðu
- Framfarir hafa orðið minnstar hvað varðar það síðasttalda
- Börn háskólamanna hafa margfalt meiri líkur en aðrir á að verða háskólafólk
- Börn ófaglærðra hafa margfalda meiri líkur en aðrir á að verða ófaglærð

Gestur Guðmundsson: Öskudagsráðstefna 17. febrúar 2010

Hlutverk kennara í samfélaginu

- Rannsóknir Bourdieu og fleiri beinir athygli að samverkandi þáttum, sem lítil athygli er veitt daglega, en verða til þess að sumir eru á heimavelli í skólum en aðrir á útivelli
- Skólinn rímar við veganesti barna af mennta- og menningarheimilum
- Tungutak kennara er líkt tungutaki foreldra, svipaðar hálfkveðnar vísur, það er vitnað í svipaðan reynsluheim
- Fas kennara og nemenda er kunnuglegt hinum
- Það næst gagnkvæmur skilningur kennara og sumra nemenda
- Er þetta svona á Íslandi? Hér vantar svona rannsóknir.

Gestur Guðmundsson: Öskudagsráðstefna 17. febrúar 2010
Hlutverk kennara í samfélaginu

Lýðræði og andóf gegn mismunun haldist í hendur
(Sameiginlegt stef þeirra Dewey, Bourdieu, Beck, Giddens):

- Lýðræðislegt skólastarf felur það í sér að hver og einn finnur að hann getur haft eitthvað að segja um það sem gerist – og að þess er vænst
- Lýðræðislegt skólastarf tekur mið af mismunandi forsendum
- Lýðræði er ekki undanláts-kennslufræði, heldur miðar að því að nemendur uppgötvi að þekking, færni og þátttaka skipti afgerandi máli

Gestur Guðmundsson: Öskudagsráðstefna 17. febrúar 2010

Hlutverk kennara í samfélaginu

- Frá fyrirmynd til leiðsagnaraðila
- Frá aðlögun að samfélagi – til einstaklingsvæðingar :
 - “einstaklingarnir eru grunneining samfélagsins” (Dewey)
 - “samfélaginu er nú viðhaldið með ákvörðunum og gerðum einstaklinga” (Beck)
- Frá aðlögun að samfélagi – til lýðræðislegra starfshátta:
 - sem gera sérhvern einstakling færán um að læra og taka þátt
 - sem vinna gegn þeirri mismunun sem á rætur út í samfélaginu en hefur tilhneigingu til að taka á sig sérstaka og vel falda mynd í skólum

Gestur Guðmundsson: Öskudagsráðstefna 17. febrúar 2010

Hlutverk kennara í samfélaginu

- Tilraunir til að skilgreina samfélagslegt hlutverk kennara eru um leið tilraunir til að skilgreina samfélagslegt hlutverk náms
- Breytingar á samfélagslegu hlutverki kennara tengjast fremur langtímabreytingum á samfélagi en skammtímasveiflum
- Samfélagslegt hlutverk kennara er ekki að fella nemendur í mót sem eru smíðuð af samfélaginu á hverjum tíma
- Heldur
 - Forsendur og námsferli hvers einstaklings
 - Félagsleg samskipti í skólastarfi
 - Að skólastarf leiði til fullgildrar þátttöku í samfélagi